



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 3. nóvember 2014

Ákvörðun nr. 29/2014

Samruni Innness ehf. og Búrs ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst bréf þann 1. október sl. með tilkynningu um kaup Innness ehf. (hér eftir Innnes) á öllu hlutafé í Búri ehf. (hér eftir Búr). Með tilkynningunni fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning). Í samrunaskránni kemur fram að Innnes kaupir allt hlutafé í Búri sem áður hafði nær allt verið í eigu Samkaupa hf. Því er um að ræða samruna samkvæmt b-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga, þ.e.a.s. að Innness yfirtekur Búr. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a laganna. Með bréfi dags. 10. október sl. tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaðilum að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi og frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga nr. 44/2005 hefðu hafist þann 2. október sl.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið óskað ýmissa gagna og upplýsinga frá samrunaaðilum. Þá hefur eftirlitið einnig haft samskipti við aðila sem kunna að hafa hagsmuni af samrunanum. Verður vísað til þessara upplýsinga við úrlausn málsins eftir því sem ástæða þykir til.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.

Í samrunaskrá segir að Innnes sé ein af stærstu matvöruheildverslunum landsins og hafi verið starfrækt í 27 ár. Starfsemi félagsins er rekin við Fossleyni í Reykjavík þar sem dreifingarmiðstöð og skrifstofur félagsins eru til húsa. Í skránni segir að félagið annist val á vörum, innflutning, markaðssetningu og dreifingu á matvöru fyrir stórmarkaði, þægindaverslanir, hótél, veitingastaði, bakarí og mótuneyti um allt land. Segir að fyrirtækið hafi umboð fyrir fjölda vörumerkja en helstu vörur þess eru kaffi, tómatvörur, kraftar og súpur, hrísgrjón, krydd og súkkulaði. Þá flytji félagið einnig inn brauð og kökur, kjúklinga og afurðir unnar úr þeim, hveiti, olíur, túnfisk, frosið grænmeti ásamt því að



dreifa fersku grænmeti og ávöxtum. Mun Innnes hafa í því sambandi keypt vörur af Búri til endursölu á veitingahúsamarkaði fyrir [...] ¹ á ári síðustu tvö ár. Fram kemur í samrunaskrá að velta fyrirtækisins fyrir sl. rekstrarár hafi numið tæpum fimm milljörðum króna.

Þá kemur fram í samrunaskrá að móðurfélag Innnes, Dalsnes ehf., eigi hlut í öðrum félögum. Um ræðir félagin Dalsnes AS í Noregi og 60% hlut í Haugen Gruppen Nordic AS en síðarnefnda félagið rekur heildverslunina Haugen Gruppen ehf. á Íslandi sem flytur inn áfengi.

Í samrunaskrá kemur fram að Búr hafi verið stofnað árið 1995, eignarhald fyrirtækisins hafi frá upphafi verið tengt dagvöruverslunum og það hafi sérhæft sig í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu á matvöru. Segir að Búr sé nú leiðandi fyrirtæki á ávaxta- og grænmetismarkaði fyrir dagvöruverslanir. Einnig segir að þjónusta við veitingahúsa- og stofnanamarkað (e. catering market) sé vaxandi þáttur í starfssemi félagsins. Fram kemur að Búr bjóði uppá um 400 vöruliði að staðaldri af ferskum ávöxtum og grænmeti og sala á innlendri framleiðslu nemi um þriðjung af veltu fyrirtækisins sem nam um 3,5 milljörðum króna sl. rekstrarár.

III.

Niðurstaða

Samkvæmt samrunaskrá starfa samrunaaðilar sem birgjar á annars vegar dagvörumarkaði og hins vegar veitingahúsa- og stofnanamarkaði. Þegar litið er til dagvörumarkaðar segir að Innnes hafi allt að 3,5% markaðshlutdeild á dagvörumarkaði og Búr hafi allt að 4% markaðshlutdeild á sama markaði. Hlutdeild sameinaðs félags sé því allt að 7,5%. Við mat á markaðshlutdeild vísa samrunaaðilar til skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012 og þeirrar hlutdeildar sem eftirlitið taldi samrunaaðila hafa á þeim tíma sem skýrslan nær til, þ.e. á árinu 2010.

Í nefndri skýrslu eftirlitsins kemur fram að staðganga á milli vöruflokka sé takmörkuð og því kunni rök að standa til þess markaður fyrir tiltekna vöruflokka matvara sé skilgreindur sem sérstakur markaður. Í skýrslunni var dagvöru skipt í 21 vöruflokk og farið yfir markaðshlutdeild aðila á viðkomandi mörkuðum. Með vísan til þess segir í samrunaskrá að Samkeppniseftirlitið hafi metið markaðshlutdeild Innnes á tilgreindum undirmörkuðum allt að 25%. Búr starfar eingöngu á markaði fyrir dreifingu á ávöxtum, grænmeti og kartöflur og var með 30-35% hlutdeild á árinu 2010. Í samrunaskránni segir að samruninn komi ekki til með að hafa áhrif á þá undirmarkaði þar sem Innnes starfar þar sem Búr starfi ekki á sama markaði né á tengdum mörkuðum Innnes.

Í samrunaskrá segir að báðir aðilar selji vörur til aðila á veitinga- og stofnanamarkaði. Í skránni segir einnig að undir þann markað falli dreifing á vörum til veitingahúsa, hótela, kaffihúsa, sérverslana, bakaría, mótuneyta, fyrirtækja og stofnana. Segir að skipta megi markaðnum í þrjá hluta, þ.e. dreifingu á þurrvöru, dreifingu á drykkjarföngum og áfengi og loks dreifingu á fersku grænmeti og ávöxtum. Innnes starfi nær eingöngu við dreifingu á þurrvöru, t.d. tómatsósum, olíum, kryddi, og súkkulaði á markaðinn en Búr starfi við dreifingu á ferskum ávöxtum og grænmeti. Því starfi samrunaaðilar að langmestu leyti á

¹ Fellt út vegna trúnaðar



ólíkum sviðum markaðarins og meta samrunaaðilar markaðshlutdeild sína á markaði fyrir dreifingu á dagvörum til veitinga- og stofnanamarkaðarins vera um 15%.

Í samrunaskrá segir að Búr starfi á heildsölumarkaði fyrir ávexti, grænmeti og kartöflur. Innnes hafi nær ekkert tekið þátt á þeim markaði heldur þjóni fyrirtækið öðrum undirmörkuðum dagvörumarkaðarins. Áhrif samrunans til aukinnar samþjöppunar á einstaka undirmörkuðum hans séu því ekki fyrir hendi. Starfsemi beggja samrunaaðila skarast einungis á heildarmarkaði birgja vegna sölu á dagvörum, og er sameiginleg markaðshlutdeild þeirra að mati samrunaaðila ekki yfir 7,5% á heildsölumarkaði fyrir dagvöruverslanir. Samkeppniseftirlitið telur, með hliðsjón af fyrri athugunum, að umrædd markaðshlutdeild geti verið nærri sanni. Eftirlitið telur m.a. með vísan til þess ekki ástæðu til að rannsaka stöðu fyrirtækjanna á umræddum markaði frekar. Á sama hátt og á heildsölumarkaði fyrir dagvörur starfa báðir samrunaaðilar einungis á heildarmarkaði birgja vegna veitinga- og stofnanamarkaðar – en á ólíkum undirmörkuðum. Á sama hátt og á heildsölumarkaði fyrir dagvörur er því ekki um að ræða aukna samþjöppun á einstaka undirmörkuðum þar sem samrunaaðilar starfa.

Samrunaaðilar telja það jákvætt fyrir samkeppni að með viðskiptunum sé leyst upp sú lóðréttu samþætting sem hefur verið fyrir hendi með eignarhaldi Samkaupa á Búri. Innnes starfi ekki á smásölumarkaði og því flytjist eignarhaldið á Búri yfir til aðila sem ekki er í beinni samkeppni á smásölumarkaði fyrir dagvörur. Með breyttu eignarhaldi geti viðskiptavinir félagsins sem kaupa af því ávexti og grænmeti átt viðskipti við það án þess að kaupa inn vörur af keppnauti sínum.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði.

Að undangenginni rannsókn, er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruni Innness og Búrs hindri virka samkeppni. Samruninn leiðir ekki til aukinnar samþjöppunar á einstaka mörkuðum og með viðskiptunum leysist jafnframt upp sú lóðréttu samþætting sem verið hefur á heildsölu- og smásölustigi með því að Samkaup sem keppinautur á smásölumarkaði fyrir dagvöru hafa jafnframt verið helsti eigandi Búrs, heildsöluaðila með ávexti og grænmeti. Að öllu framangreindu virtu, þ.m.t. sjónarmiða ótengdra aðila sem starfa á sömu mörkuðum og Innnes og Búr, er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast vegna samruna Innness ehf. og Búrs ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson